

131. löggjafarþing 2004 – 2005.
Þskj. 967 - 637. mál.

Fyrirspurn til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um viðbrögð við faraldri

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Munnlegt svar.

Virðulegi forseti.

Háttvirtur þingmaður Guðlaugur Þór Þórðarson, hefur beint til mín spurningum um viðbrögð við faraldri, bæði um viðbragðsáætlanir, birgðir influensulyfja og fleiri atriði tengdu þessu.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa ásamt öðrum íslenskum stjórnvöldum unnið að viðbragðsáætlun og sóttvarnaráðstöfunum vegna faraldra svo sem hugsanlegs heimsfaraldurs vegna influensu af A stofni sem nú geisar í fiðurfé í Suð-Austur Asíu. Þar hefur fólk smitast af fuglum, enn sem komið er hefur ekki verið sýnt fram á að virkt smit hafi borist manna í millum. Verði slík smitun milli manna staðfest er hættu á heimsfaraldri verulega meiri og skilgreint hættuástand verður aukið.

Undirbúningur að þessari viðbragðsáætlun hófst fyrir rúmu ári. Hefur viðbúnaður á Landspítala - háskólasjúkrahúsi verið aukinn og einnig er áfram unnið auknum viðbúnaði annars staðar í heilbrigðisþjónustunni. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur aðgerðunum verið stýrt í mjög náinni samvinnu við sóttvarnalækni. Er hann reiðubúinn með frekari aðgerðir verði þess talin þörf, allt eftir tegund og eðli ógnarinnar. Birgðir veiruhamlandi lyfja voru auknar á síðasta ári. Aukist alþjóðlegt hættustig, til dæmis ef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin staðfestir að fuglainfluensa sé farin að berast manna á milli, verður sent dreifibréf á vegum sóttvarnalæknis með fyrirmælum til lækna um að vera vakandi gagnvart hugsanlega auknum fjölda influensutilfella. Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt að heimila sóttvarnalækni að kaupa lyf við influensu fyrir 10 milljónir króna. Þá hafa verið birtar upplýsingar á heimasíðu Landlæknisembættisins til ferðamanna sem ferðast til þeirra svæða þar sem fuglainfluensa A H5N1 geisar. Þá hefur sóttvarnalæknir samvinnu við yfirdýralækni komi til þess að fuglainfluensa berist í íslenskt fiðurfé.

Enn er ekkert bóluefni til gegn influensu af stofni A H5N1 fyrir menn og alls óljóst hvenær það verður til, þar eð veiran hefur enn ekki tekið þeim breytingum sem að margir óttast að síðar verði. Þá fyrst þegar gerð slíkrar veiru er ljós, getur framleiðsla bóluefnis hafist.

Í ljósi þess að fuglainfluensan í Asíu heldur áfram og fleira fólk hefur sýkst þar með hárrí dánartíðni, þá hefur verið ákveðið að auka enn viðbúnaðinn við heimsfaraldri gegn influensu hér á landi. Starfar nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem í sitja fulltrúar heilbrigðis- og dómsmálaráðuneytis sem ætlað er að samræma viðbrögð hinna ýmsu þátta stjórnkerfisins komi til heimsfaraldurs af þessum eða svipuðum toga. Þar er m.a. verið að kanna möguleika á sóttkví, einangrun, sem og öðrum hindrandi

aðgerðum gagnvart smiti. Samtímis er mjög mikilvægt að skapa ekki ástæðulausan ótta meðal almennings. Flæði upplýsinga er því afar mikilvægt.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Evrópusambandið og Norðurlöndin unnið að þróun viðbragðsáætlana vegna heimsfaraldurs influensu. Meðal þeirra úrræða sem rædd hafa verið er aukið birgðahald sértækra influensulyfja og er það mál í frekari skoðun. Lagt hefur verið til að þjóðir heims eigi tiltæk á hverjum tíma lyf við influensu og stefna flestar nágrannaþjóðir okkar að því að hafa tiltæka meðferðarskammta fyrir 25-30% þegna sinna, einkum fyrir fólk í öryggis- og heilbrigðisþjónustu, sem og fyrir einstaklinga í sérstöðum áhættuhópum. Þess má geta að meðferð með influensulyfjum seinkar hugsanlega einungis vandanum og gæti aðeins orðið tiltæk lausn um skamman tíma meðan bóluefni er í framleiðslu. Lyfjabirgðahald er því einungis ein af þeim ráðstöfunum sem gripið verður til. Virkt bóluefni er farsælasta lausnin þegar það verður fáanlegt.

Virðulegi forseti,

Eins og ég hef hér greint frá hefur verið unnið töluvert mikið að viðbragðsáætlunum gagnvart hugsanlegum faröldrum sem þó ekki miðast eingöngu við influensu heldur faröldrum af hvaða toga sem er. Margir útfærsluþættir slíkra ráðstafana verða þó aldrei ákveðnir fyrr en ljóst er af hvaða toga faraldurinn er og hvaða viðbrögð megi teljast farsælust til að hindra sem mest útbreiðslu hans.

Ég vona að svar mitt hafi upplýst háttvirtan þingmann um þau viðbrögð sem hafa verið og eru í vinnslu af hálfu stjórnvalda.

(Talað orð gildir)